

LAND



pósturinn

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

22. árg. 1. tbl, apríl 2010

Ábm.: Edward H. Huijbens, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík
www.landfraedi.is

Vorþing, 12. maí kl. 09.30

Hádegisverðarfundur í Þjóðarbókhöðu

Auglýst eftir erindum

Árlegt Vorþing Félags landfræðinga verður haldið í Þjóðarbókhöðu, kl. 09.30 – 13.00, miðvikudaginn 12. maí. Um er að ræða áframhald þeirrar hefðar sem komist hefur á og felst í að halda fundinn á vinnutíma og bjóða félagsmönnum uppá morgunhressingu og svo hádegisverð að loknu þingi, að þessu sinni á teríu Þjóðarbókhöðu.

Skráningargjald er kr. 1.000 og tekur ritari félagsins við skráningu gegnum tölvupóstfangið: hulda.axelsdottir@reykjavik.is. Hægt verður að greiða skráningargjald á staðnum eða millifæra fyrirfram á reikning félagsins 303-26-010835 kt. 650188-1289.

Þema

Að þessu sinni verður þema þingsins kortagerð með áherslu á faglega framsetningu korta sem koma fyrir almennings sjónir. Er hér með auglýst eftir erindum en áhugasamir geta tilkynnt til formanns félagsins ef þeir vilja kynna sínar rannsóknir, gegnum tölvupóstfangið: edward@unak.is. Tilkynning þarf að berast eigi síðar en 30. apríl.



Vorþing FL, kl: 09.30, miðvikudaginn 12. maí
Þjóðarbókhlaða

Takið morguninn frá!

Aðalfundur Félags landfræðinga

Haldinn á Horninu, föstudaginn 5. mars

Aðalfundur Félags landfræðinga var haldinn 5. mars sl., kl. 19.00 á Horninu í Reykjavík. Boðið var uppá hlaðborð að ítölskum sið og bjór og vín með fyrir þá sem vildu. Á dagskrá fundarins voru venjuleg aðalfundastörf samkvæmt lögum.

Nokkrir félagsmenn mættu á fundinn og reyndist fundar fyrirkomulagið ágætt og góðar umræður spunnust. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa var stjórnarkjör en enginn framboð bærust og því gamla stjórnin kjörin á ný! Á fundinum var lögð fram ein lagabreytingartillaga í nafni stjórnar og var hún svohljóðandi:

Gerir ég það að tillögu að grein #7 í lögum félagsins verði breytt á þá lund sem gert er grein fyrir hér að neðan.

Núverandi grein hljóðar svo:

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.

Lagt er til að síðustu setningu verði breytt þannig að tillögur um lagabreytingar þurfi að berast stjórn skriflega minnst 10 dögum fyrir boðaðan aðalfund.

Var þetta samþykkt og hljómar því greinin nú:

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn skriflega eigi síðar en 10 dögum fyrir boðaðan aðalfund og skulu þær birtar á heimasíðu og sendar rafrænt til félagsmanna 5 dögum fyrir aðalfund og síðan teknar formlega fyrir á fundinum.

Á fundinum var rætt um Útivistardag (breytt heiti úr Fjölskyldudegi) Vorþing og mögulegt þema þess um kortagerð og hvort félagið skyldi greiða árgjöld í IGU – Af öðrum málum var starfsemi Sesseljuhús í Grímsnesi kynnt og málefni heimasíðu, en þar má finna fundargerð.

Landabréfið 2010 – Landabréfið 25 ára!

Ritstjórn Landabréfsins kallar eftir greinum og ritgerðum í tímaritið sem áætlað er að komi út haustið 2010. Æskilegt er að greinar berist fyrir 1. júlí 2010. Þær fara þá í yfirlestur og ritrýningu. Ábendingar og tillögur um efnistöð og hugmyndir eru einnig vel þegnar.

Ritstjórn vill einnig benda á möguleikann á að senda inn bóka gagnrýni eða aðra rýni sem á erindi til landfræðinga.

Ritstjóri Landabréfsins er Karl Benediktsson: kben@hi.is



Tilkynning!

Útivistardagur 5. júní 2010, kl. 10.00



Á síðasta ári var í fyrsta sinn haldin dagur á vegum félagsins, sem ekki tengdist faginu eða fræðslu né önnur formlegheit. Dagurinn fékk heitið Fjölskyldudagur Félags landfræðinga og var haldin á Mógilsá 6. júní 2009.

Var ákveðið á aðalfundi 2010 að halda þessari hefð en breyta nafninu í Útivistardag Félags landfræðinga og verður hann aftur haldin á Mógilsá við Esjurætur í þetta sinn laugardaginn 5. júní, og verður safnast saman á bílastæðinu við Esjurætur kl. 10.00. Eru allir félagsmenn hvattir til að mæta og koma með eitthvað gott á grillið og sundskýlu. Sundskýlan er tengd gufu, sem er viðarkynnt og öllum boðið eftir grill. Hægt er að renna fyrir fiski í tjörninni við Mógilsá. Félagið mun sjá um drykkjarföng og grillkol.



Samgöngulandfræði – nemar á leið í skólann